

Outdoor Activity

Reykjavík, 25. mars 2024

UST202403-364/S.V.

09.04.00

Efni: Leyfi fyrir ljósmynda- eða kvikmyndatöku á friðlýstum svæðum

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Tor Per Christian Holmgren, f.h. Outdoor Activity, dagsett, 22. mars 2024 um leyfi til ljósmyndatöku við Skógafoss

Skógafoss er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. [auglýsing nr. 477/1987](#). Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf og raska jarðmyndunum innan svæðisins. Samkvæmt [stjórnunar og verndaráætlun](#) náttúruvættisins er flug ómannaðra loftfara óheimilt á svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir skulu ekki trufla dýralíf innan náttúruvættisins og truflun við aðra gesti skal vera í lágmarki. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir sem geta haft áhrif á náttúru svæðisins og upplifun gesta eru háðir leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til ljósmyndatöku við fossinn. Ekki er gert ráð fyrir að sett verði upp starfsmanna aðstaða. Áætlað er að tókurnar fari fram snemma dags 2. apríl 2024 þegar minni umferð er á svæðinu. Að verkefninu munu koma tveir starfsmenn með tvo hesta sem verða myndaðir. Verkefnið mun taka 2-3 klst.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefnið ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi og náttúrufer svæðisins. Stofnunin telur líklegt að aðrir gestir geti orðið fyrir truflunum af völdum takanna en hægt sé að draga úr þeim áhrifum verði farið eftir skilyrðum leyfisins.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Tor Per Christian Holmgren, f.h. Outdoor Activity, fyrir sitt leyti, leyfi fyrir ljósmyndatöku við Skógafoss sbr. lýsingu hér að ofan 2. apríl 2024 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Bifreiðum og hestakerrum skal lagt á bílastæði.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.

- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vega skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð athafnasvæðis kvikmyndatökuliðsins skal haldið í lágmarki.
- Vanda skal við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmd verkefnisins og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Afmá skal öll ummerki verkefnisins á svæðinu að því loknu og hreinsa upp og fjarlægja hrossatað eftir hestana og annan úrgang sem til kann að falla.
- Starfsmenn verkefnisins skulu sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tókunar valdi eins litlu ónæði og hægt er. Færri gestir heimsækja svæðið snemma morguns og síðdegis.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Allur akstur utan vega er óheimill.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Leyfi Matvælastofnunar þarf vegna notkunar dýra í tókunum.

Umhverfisstofnun óskar eftir því að fá afrit af niðurstöðum ofangreindrar rannsóknar án endurgjalds.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir, kvikmyndagerðar og/eða myndatöku er kr. **83.200**. sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Sigrún Valgarðsdóttir

sérfræðingur

Ragnheiður Björk Sigurðardóttir

svæðissérfræðingur